



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 131/1447
komudagur 20.4.2005

Reykjavík 19. apríl 2005.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 117 /1993, 229. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp Þuríðar Backmans og Ögmundar Jónassonar til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 117 /1993, 229. mál.

Frumvarpið er að nokkru leyti svipað frumvarpi heilbrigðisráðherra frá því fyrr í vetur um breytingu á sömu lögum, þ.e. það miðar að eflingu tannverndarmála. Frumvarp Þuríðar og Ögmundar er frábrugðið frumvarpi heilbrigðisráðherra að því leyti að það gengur lengra hvað varðar skyldu Tryggingastofnunar ríkisins til að taka þátt í kostnaði við tannviðgerðir ungmenna og lífeyrisþega.

Alþýðusamband Íslands hefur lagt áherslu á að kjör barnafjölskyldna og lífeyrisþega verði bætt. Í samræmi við þetta lýsti Alþýðusambandið sig sammála frumvarpi heilbrigðisráðherra þegar það var sent til umsagnar. Í ljósi þess að frumvarp Þuríðar og Ögmundar gengur lengra í átt að ofan nefndum áherslum Alþýðusambandsins lýsir sambandið yfir að það styðji frekar það frumvarp sem hér er til umsagnar.

Virðingarfyllst,

Stefán Úlfarsson

Hagdeild ASÍ

Alþingi
Erindi nr. P 131/1278
komudagur 13.4.2005



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. apríl 2005

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, 229. mál.

BSRB styður frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt.

f.h. BSRB

Svanhildur Halldórsdóttir
Svanhildur Halldórsdóttir



Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1311
komudagur 14.4.2005

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 12. apríl 2005
2005040054/91/SG/gh

Efni: Frumvarp til laga um almannatryggingar, 229. mál.

Vísað er til bréfs heilbrigðis- og trygginganefndar frá 8. apríl þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingar á lyfjalögum.

Með þessari breytingu er stefnt að einföldun á endurgreiðslum og aukinni greiðsluþátttöku vegna tannlækninga barna og lífeyrisþega.


Litið er til þeirra framfara sem orðið hafa á tannheilsu á síðustu árum, fækkun tannskemmda hjá börnum og minnkun tanntaps hjá fullorðnum. Það er í takt við nýja tíma að leggja til lengra tannverndartímabil fyrir börn og ungmenni og aukna aðstoð til fullorðinna við að halda munni sínum tenntum.

1. Aldursviðmið. Það er jákvætt skref í rétta átt að miða við 20 ára aldur ungmenna. Algengt er að ungmenni búi í foreldrahúsum til 20 ára aldur og lengur. Framfærsla þeirra er oft á herðum foreldra og getur verið fjárhagslegur baggi og leitt til ákveðinnar vanrækslu á tönnum með alvarlegum og dýrum afleiðingum. Skref þetta mætti síðan stækka með hækkun tannverndaraldurs ungmenna til 25 ára og lengur og á sama tíma færa aldurmörk fullorðinna niður úr 67 árum í 65, 60 o.s.frv. með það fyrir augum að auka tryggingarétt varðandi almennar tannlækningar. (Sbr. reynslu Finna).

2. Hlutfall endurgreiðslu. Það er jákvætt að leggja til auknar endurgreiðslur. Í almannatryggingum tíðkast hinsvegar ekki 100% greiðsluþátttaka hvað varðar almenna læknishjálp, þjálfun eða lyfjakaup nema í undantekningartilvikum og skýtur því 100% greiðsluþátttaka nokkuð skökku við aðrar reglur almannatrygginga. Hér gæti farið betur að miða við 90% endurgreiðslur sem almenna reglu og setja inn ákvæði um 100% endurgreiðslur skv. reglum sem ráðherra setur sbr. 3. liður tillögunnar.

3. Tannlækningar nútímans. Það er í takt við nýja tíma þegar flest börn eru með heilar tennur og þurfa ekki umfangsmiklar tannlækningar að beina auknum greiðslum almannatrygginga að nútímalegum tannlækningum fullorðinna sbr. aukna þátttöku í gullfyllingum, krónum, brúm og tannplöntum.

Virðingarfyllst,


Sigurður Guðmundsson
landlæknir

Alþingi
Erindi nr. P 131/1706
komudagur 28.4.2006



LÝÐHEILSUSTÖÐ

Reykjavík, 25.04.2005
Tilv. 073/2005 - 0.53
HG/JLÓ

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993.

Með vísun í erindi dagsett 7. apríl 2005


Lýðheilstöð tekur undir nauðsyn þess að endurskoða þátttöku almannatrygginga í tannlækningakostnaði barna og unglunga en leggur áherslu á að greiðsluþátttaka almannatrygginga vegna kostnaðar við forvarnir hjá börnum/unglingum að 18 ára aldri verði 100%.


Mjög mikilvægt er að tryggja sem best aðgengi að tannheilbrigðisþjónustu, óháð efnahag og félagslegum aðstæðum. Forvarnir skipta meginmáli og telur Lýðheilsustöð að öll börn/unglingar yngri en 18 ára ættu að eiga þess kost að koma einu sinni á ári í skoðun til tannlæknis sér að kostnaðarlausu. Einnig ætti þeim að standa til boða nokkurskonar forvarnarpakki sem fæli í sér skoðun, fræðslu, röntgenmyndatöku, skráningu, flúorlökkun, skorufyllur og jafnvel eins flata plastfyllingar. Bágur efnahagur foreldra stæði þá ekki lengur í vegi fyrir reglulegu eftirliti/forvörnum gegn munnsjúkdómum. Lýðheilsustöð telur mikilvægara að efla forvarnir fyrir áhættualdurshópin 12 til 15 ára en að hækka viðmiðunaráldur í 20 ár. Gera má ráð fyrir nokkrum kostnaðarauka vegna þessa en til lengri tíma litilð ættu kostnaðarliðir vegna tannviðgerða að minnka verulega.


Heilbrigðar lífsvenjur stuðla að betri munnheilsu. Forvarnir gegna þar lykilhlutverki. Draga þarf verulega úr sykur- og gosdrykkjaneyslu, bæta aðgengi að drykkjarvatni og leggja niður sykurtolla af kolsýrðu vatni. Ennfremur þarf að efla forvarnir og aðgengi að flúor innan grunn- og framhaldsskóla landsins. Byggja þarf upp eftirlitskerfi og hvatakerfi til þess að sem flestir komi í reglulega tannskoðun. Þá þykir rétt að benda á mikilvægi þess að samræmi ríki milli ráðherragjaldskrár, sem endurgreiðslur miðast við og raunkostnaðar vegna tannlækninga svo kostnaðarhlutdeild almannatrygginga standi undir nafni.

Lýðheilsustöð telur að til þess að ná sem bestum árangri í þessum málaflokki sé afar mikilvægt að efla forvarnir og þar með munnheilsuvitund þjóarinnar. Ekki er síður mikilvægt að tryggja fjármagn til að framkvæma rannsóknir á munnheilsu landsmanna. Um þessar mundir stendur yfir rannsókn á munnheilsu sex, tólf og fimmtán ára grunnskólabarna, MUNNÍS, og eru niðurstöður væntanlegar síðar á árinu. Um er að ræða fyrsta áfanga umfangsmikillar rannsóknar á munnheilsu landsmanna.

Virðingarfyllst,


Anna Elisabet Ólafsdóttir,
forstjóri


Hólmfríður Guðmundsdóttir,
tannlæknir


Jóhanna Laufey Ólafsdóttir,
tannfræðingur

Alþingi
Erindi nr. P 121/1277
komudagur 13.4.2005

DAGSETNING

TILVÍSUN


Alþingi, heilbrigðis- og
trygginganefnd
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. apríl 2005 2005040112

Með bréfi dags. 7. apríl sl. sendi Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis ríkisskattstjóra til umsagnar frumvarp til laga um almannatryggingar, 229. mál.

Ekki er tilefni af hálfu embættisins til að gera athugasemd við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst



Indriði H. Þorláksson
ríkisskattstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 131/1448
komudagur. 20.4.2005



TRYGGINGASTOFNUN
RÍKISINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. apríl 2005
KG/KSG/024/05

Umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um þingskjal 235, 229. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993.

Verði frumvarpið að lögum felur það í sér að sjúkratryggingar munu greiða:

Að fullu tannlækningar, þ.m.t. tannréttingar, 18, 19 og 20 ára ungmenna sem nú greiða þá þjónustu alfarið sjálf.

Að fullu tannlækningar barna, 0-17 ára, í stað 75% af gjaldskrá ráðherra eins og nú er.

Að fullu tannréttingar með lausum tækjum fyrir börn, 0-17 ára, sem nú eru ekki greiddar af sjúkratryggingum.

Að fullu tannlækningar lífeyrisþega sem fá greidda tekjutryggingu, í stað 75% af gjaldskrá ráðherra eins og nú er.

75% af gjaldskrá ráðherra fyrir tannlækningar lífeyrisþega sem ekki fá greidda tekjutryggingu, í stað 50% af gjaldskrá ráðherra eins og nú er.

Almennt greiða sjúkratryggingar ekki kostnað af heilbrigðismeðferð að fullu, þótt til séu undantekningar á því. Stofnunin telur því rétt að endurgreiðsluhlutfallið verði ákveðið lægra en 100%.

Hins vegar verður að benda á að endurgreiðsluhlutfall, sem bundið er í lögum, næst aldrei fyrir alla og í sátt við alla, á meðan ekki eru í gildi samningar um fasta gjaldskrá. Þess vegna er nauðsynlegt, áður en gerðar eru breytingar eins og þær sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að samningar takist á milli heilbrigðisyfirvalda og tannlækna. Samningar við tannlækna hafa hins vegar ekki tekist og engar hreyfingar verið á þeim undanfarin 2-3 ár. Síðasti fundur samninganefndar heilbrigðisráðherra og Tannlæknafélags Ísland var haldinn 15. maí 2004. Eftir þann fund kváðust tannlæknar mundu óska eftir fundi þegar kröfur þeirra hefðu verið mótaðar.

Tryggingastofnun telur það spor í rétta átt að hækka endurgreiðslualdur í 20 ár og styður aukna greiðsluþátttöku fyrir börn og þá lífeyrisþega sem minnst hafa handa í milli, en bendir jafnframt á að huga beri að því að sömu reglur gildi um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar og gilda um sjúkrahjálp við aðra hluta mannlíkamans.

Virðingarfyllst,

Karl Steinar Guðnason
forstjóri



Öryrkjabandalag Íslands

Hátúni 10, 105 Reykjavík
Sími: 530 6700, Myndsími: 530 6701
Netfang: obi@obi.is, Vefsíða: www.obi.is

Alþingi
Erindi nr. P 131/1340
komudagur 15.4.2005

Reykjavík, 14. apríl 2005.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8–10,
150 Reykjavík.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 117/1993

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögun nr. 117/1993, 229. mál á þskj. 229, lagt fram á 131. löggjafarþingi.

Í frumvarpinu felst umtalsverð réttarbót á kjörum fatlaðra.

Öryrkjabandalag Íslands mælir með samþykkt frumvarpsins þar sem efni þess tekur jafnt á hagsmunum barna og öryrkja.

Fyrir hönd Öryrkjabandalags Íslands,

Arnpór Helgason

Arnpór Helgason, framkvæmdastjóri